

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 900/2023 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði:

Tegundir úrgangs og ílát í grunneiningu:

Blandaður úrgangur 240 l ílát	39.500 kr.
Lífúrgangur 240 l ílát	12.900 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát	2.900 kr.
Plast 240 l ílát	2.900 kr.

Önnur ílát:

Blandaður úrgangur 660 l ílát	79.900 kr.
Pappi og pappír 660 l ílát	8.900 kr.

Losunartíðni:

Ílát fyrir lífúrgang: söfnun á 28 daga fresti.

Ílát fyrir pappír: söfnun á 28 daga fresti.

Ílát fyrir plast: söfnun á 28 daga fresti.

Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang: söfnun á 28 daga fresti.

Framangreindar fjárhæðir eru lágmarksfjárhæðir. Ef húseigandi óskar eftir viðbótaríláti eða stærra íláti við íbúðarhús skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir tegund úrgangs og ílát.

Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða kr. 3.500.

3. gr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur grenndar- og gámastöðva og meðhöndlun úrgangs.

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur gámasvæðis:

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 11.400 kr.

Innheimta skal gjald vegna reksturs grenndarstöðva:

Frístundahúsnæði og það íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta 14.310 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli 12.315 kr.

Allir fasteignareigendur sem greiða gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað eða eingöngu gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 4,5 m³ á ári. Inneign færir ekki milli ára.

Allir fasteignareigendur sem greiða bæði gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað fyrir íbúðarhúsnæði og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort

sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámasstöð fyrir samtals 10 m³ á ári. Inneign færist ekki milli ára.

Glatist inneignarkort getur fasteignareigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi 5.000 kr.

Íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu greiðir gjald vegna reksturs grenndarstöðva til viðbótar við gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð og miðast gjaldtaka við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald til Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi er 6.500 kr.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 11. desember 2024. Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2025, frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1567/2023 vegna meðhöndlunar úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 11. desember 2024.

Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri.